

Guðný J. Ólafsdóttir

Subject:

FW: FW: Mat á umhverfisáhrifum - C flokkur

From: Rut Kristinsdóttir [<mailto:rut@skipulagsstofnun.is>]

Sent: 29. maí 2015 14:45

Subject: Mat á umhverfisáhrifum - C flokkur

Ágæti viðtakandi.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að þann 1. júní n.k. taka gildi þau ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem lúta að hlutverki sveitarstjórna við að taka ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda í C-flokki í 1. viðauka laganna. Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laganna ber sveitarstjórn að taka ákvörðun um matsskyldu þeirra framkvæmda sem tilgreindar eru í C- flokki og háðar eru framkvæmda- eða byggingarleyfi sveitarstjórnar. Þar er greint frá málsmeðferð sem sveitarstjórnir þurfa að byggja á við ákvarðanatökuna. Nánari skýringar verður að finna í endurskoðaðri reglugerð um mat á umhverfisáhrifum, sem stefnt er að því að verði tilbúin fljótlega í júní. Samhliða mun Skipulagsstofnun gefa út leiðbeiningar um C- flokk, sem nýtast eiga skipulagsfulltrúum og sveitarstjórnnum til að takast á við þetta nýja verkefni.

Um leið og endurskoðuð reglugerð og leiðbeiningarnar um C- flokk líta dagsins ljós mun Skipulagsstofnun vekja athygli sveitarstjórna á því.

Að svo stöddu hvetur Skipulagsstofnun sveitarstjórnir og skipulagsfulltrúa til að kynna sér vel ákvæði 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun er jafnframt reiðubúin til að leiðbeina sveitarstjórnnum um framfylgd þessara nýju ákvæða ef upp vakna spurningar sem tengjast hinu nýja verksviði sveitarstjórna.

Meðfylgjandi er tengill á lög um mat á umhverfisáhrifum með síðustu breytingum;

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000106.html>

Rut Kristinsdóttir
sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun / National Planning Agency
Laugavegur 166, 105 Reykjavík, Ísland / Iceland
sími / tel: (+354) 595 4100
rut@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 2b	Mótt. af Gsó	Mótt. dag 03 JUNI 2015
Áb.m. RA	Úrv.aðili SPH	Afrit RA / SPH
Símtal	Tölvup.	Fax HB / HS
Svarfr.	Trún.mál	Fskj. St.A / SAS
Málsnr. One 150602b		